

Fimmtudaginn 13. febrúar 1997.

Nr. 421/1995.

Barbara Þ. Kjartansdóttir

(Helgi Birgisson hrl.)

gegn

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Brynjólfur Kjartansson hrl.) **og**

Arnari Hauki Ævarssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Vátrygging. Áhættutaka. Loforð. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1995 að fengnu áfrýjunarleyfi. Hún krefst þess, að stefndu verði gert í sameiningu að greiða sér 17.235.000 krónur með nánar tilteknum ársvöxtum af 17.385.000 krónum frá 5. desember 1986 til 20. desember 1989, en af 17.235.000 krónum frá þeim degi til 20. október 1990. Frá þeim degi krefst áfrýjandi dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af síðastgreindri fjárhæð til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi þess, að stefndu verði sameiginlega dæmdir til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en henni hefur verið veitt gjafsókn á báðum dómstigum.

Stefndu krefjast hvor um sig staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Í málinu leitar áfrýjandi bóta vegna tjóns, sem hún varð fyrir við árekstur tveggja bifreiða 5. desember 1986. Fyrir Hæstarétti fellst hún á þá niðurstöðu héraðsdómara, að hún hafi mátt vita, að öku- maður bifreiðarinnar, sem hún var farþegi í, hafi verið ölvaður, þegar áreksturinn varð. Kemur því aðeins til skoðunar sú málsástæða áfrýjanda, að stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafi 20. desember 1989 skuldbundið sig til að bæta tjón hennar með því að greiða fyrirvaralaust 150.000 krónur upp í kröfu hennar um skaðabætur og útlagðan kostnað.

II.

Í áfrýjunarstefnu beindi áfrýjandi kröfum sínum að stefndu ásamt Magnúsi Ö. Jóhannssyni, sem átti aðild að málinu við hlið þeirra í héraði. Áfrýjunarstefnan var hins vegar hvorki birt Magnúsi né neinum, sem var bær um að taka við henni fyrir hans hönd. Hefur því ekkert orðið af aðild hans að málinu fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi reisir nú kröfur sínar, sem áður segir, á þeirri máls-ástæðu einni, að greiðsla stefnda Sjóvá-Almennra trygginga hf. hafi falið í sér loforð um að bæta tjón hennar vegna slyssins 5. desember 1986. Fyrir Hæstarétti byggir áfrýjandi því ekki á ákvæðum VI. kafla umferðarlaga nr. 40/1968, sem voru í gildi á slysdegi. Af þeim sökum er ekki þörf á aðild Magnúsar Ö. Jóhannssonar að málinu vegna fyrirmæla 74. gr. nefndra laga. Veldur það því ekki frávísun málsins, þótt honum hafi ekki verið stefnt fyrir Hæstarétt.

III.

Af hálfu áfrýjanda hefur ekki verið sýnt fram á, að stefndi Arnar Haukur Ævarsson geti verið skuldbundinn af því loforði um greiðslu, sem hún telur stefnda Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafa gefið sér. Þegar af þeirri ástæðu verður staðfest niðurstaða héraðs-dóms um sýknu Arnars af kröfum áfrýjanda.

IV.

Með bréfi til stefnda Sjóvá-Almennra trygginga hf. 14. desember 1989 greindi þáverandi lögmaður áfrýjanda frá því, að hún hefði falið honum mál vegna umrædds slyss 5. desember 1986, sem hafi orðið við árekstur bifreiðanna Í 1637 og Ö 7015 á Reykjanesbraut. Ökumaður fyrrnefndu bifreiðarinnar, sem áfrýjandi var farþegi í, hafi verið ölvaður við aksturinn. Við slysið hafi hún hlotið mjög alvarlega áverka, sem sé lýst í meðfylgjandi læknisvottorði, en ekki hafi enn verið aflað gagna um fjártjón hennar. Var í lok bréfsins óskað eftir greiðslu á 150.000 krónum inn á væntanlegar bætur til áfrýjanda og útlagðan kostnað hennar. Hið stefnda félag varð við þessari ósk lögmannsins og greiddi honum umrædda fjárhæð 20. desember 1989. Í kvittun, sem þá var útbúin á vegum stefnda og undirrituð af lögmanninum, sagði, að greiðslan væri „upp í væntanlegar skaðabætur og útlagðan kostnað“.

Af hálfu hins stefnda félags er því haldið fram, að þessi greiðsla

hafi verið innt af hendi vegna mistaka. Starfsmaður félagsins, sem samþykkti að greiða þáverandi lögmanni áfrýjanda umbeðna fjárhæð, hafi komið að málinu í forföllum annars starfsmanns og ekki þekkt til þess. Hann hafi væntanlega talið, að félaginu væri skylt að greiða bætur fyrir tjón áfrýjanda, þar sem einhverjum öðrum, sem urðu fyrir tjóni í sama slysi, hafi verið greiddar bætur fyrr á sama ári.

Fyrir Hæstarétti var upplýst af hálfu hins stefnda félags, að hjá því hefðu legið fyrir lögregluskýrslur og niðurstaða rannsóknar á blóði úr ökumanni bifreiðarinnar Í 1637, þegar fyrrnefnd greiðsla var innt af hendi til þáverandi lögmanns áfrýjanda. Eftir ábendingu Hæstaréttar voru af hálfu félagsins einnig lögð fram gögn um mál, sem Karen Eva Vestfjörð höfðaði meðal annars á hendur Almennum tryggingum hf. og stefnda Arnari Hauki Ævarssyni með stefnu 19. maí 1988, en Karen var farþegi með áfrýjanda í bifreiðinni Í 1637 og varð fyrir stórfelldum meiðslum í slysinu 5. desember 1986. Af þessum gögnum verður ráðið, að Almennar tryggingar hf., sem síðar sameinuðust Sjóvátryggingafélagi Íslands hf. og mynduðu þannig hið stefnda félag, reistu varnir sínar í málinu meðal annars á því, að stefnandi þess hefði vísitandi tekið á sig þá áhættu, sem fylgi því að vera farþegi í bifreið undir stjórn ölvaðs ökumanns, og glatað þannig rétti til bóta. Stefndi kveður mál Karenar hafa verið felld niður 13. janúar 1989 með samkomulagi aðila þess.

Af gögnum málsins verður ráðið, að þáverandi lögmaður áfrýjanda leitaði eftir mati læknis á örorku hennar 22. desember 1989. Örorkumat er dagsett 10. júlí 1990, en í tengslum við gerð þess var aflað álitsgerðar sálfræðings 6. júní sama ár um ástand áfrýjanda. Þessi gögn ásamt tjónsútreikningi tryggingafræðings 10. september 1990 voru send hinu stefnda félagi með bréfum lögmannsins 12. og 20. sama mánaðar, þar sem krafist var bóta, að fjárhæð 10.305.710 krónur. Ekki liggur fyrir bréflegt svar félagsins við kröfu áfrýjanda, en óumdeilt er, að þáverandi lögmanni hennar hafi verið tilkynnt seinni hluta árs 1990, að það hafnaði greiðsluskyldu vegna tjóns hennar. Verður ekki séð, að eftir þetta hafi verið hreyft frekar við kröfum af hálfu áfrýjanda fyrr en með héraðsdómsstefnu í máli þessu 28. mars 1994. Fór þá annar lögmaður með það fyrir hennar hönd en gætt hafði hagsmuna hennar á fyrri stigum.

Fyrir Hæstarétti var málsaðilum gefinn kostur á að afla munnlegra skýrslna fyrir héraðsdómi af þeim starfsmönnum stefnda Sjóvá-Almennra trygginga hf., sem fjölluðu um mál áfrýjanda. Af slíkri skýrslugjöf varð ekki, en því var lýst yfir af hálfu félagsins, að starfsmenn þess, sem hér um ræðir, myndu ekki svo eftir atvikum málsins, að tilgangi þjónaði að leiða þá fyrir dóm. Þá er þess að geta, að lögmaður sá, sem gætti hagsmuna áfrýjanda á árunum 1989 og 1990, lést, meðan málið var rekið fyrir héraðsdómi.

V.

Af framangreindu verður að telja sýnt, að stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafði aðgang að nægilegum upplýsingum, til að unnt væri að taka afstöðu til greiðslukröfu áfrýjanda, þegar þáverandi lögmaður hennar óskaði eftir innborgun á bætur með fyrrnefndu bréfi 14. desember 1989. Ekkert liggur fyrir í málinu um, hvað kunni á þessu tímabili að hafa farið á milli umrædds lögmanns og starfsmanna félagsins um greiðsluskyldu þess. Verður að þessu gættu að líta á fyrirvaralausá greiðslu félagsins 20. desember 1989 upp í bætur til áfrýjanda og útlagðan kostnað hennar sem viðurkenningu á greiðsluskyldu gagnvart henni.

Svo sem áður greinir, er óumdeilt, að af hálfu hins stefnda félags hafi kröfubréfi þáverandi lögmanns áfrýjanda 20. september 1990 verið svarað á þann veg, að það hafnaði greiðsluskyldu gagnvart henni. Þegar leyst er úr, hvort félaginu hafi verið unnt að hverfa á þennan hátt frá framangreindri afstöðu til greiðsluskyldu, verður meðal annars að taka tillit til þess, að áfrýjanda bar að gæta varfærni við mat á gerðum félagsins gagnvart sér í desember 1989, enda mátti henni þá vera kunnugt um áðurgreinda afstöðu Almennra trygginga hf. til kröfu, sem annar farþegi í bifreiðinni Í 1637 höfðaði mál um árið 1988. Hefur áfrýjandi ekki heldur borið því við, að hún hafi gert ráðstafanir í trausti gerða hins stefnda félags aðrar en afla gagna um tjón sitt, en af fyrirbyggjandi gögnum virðist kostnaður hennar af því aðeins hafa numið rúmum þriðjungi þeirrar fjárhæðar, sem félagið greiddi henni 20. desember 1989. Þá verður jafnframt að líta til þess, að afstaða félagsins, eins og hún mátti koma áfrýjanda fyrir sjónir, fól í sér einhliða skuldbindingu og var að auki í ýmsu óákveðin, meðal annars um umfang greiðsluskyldu, fjárhæð bóta og

greiðslutíma. Þegar að þessu er gætt ásamt því, að um hálft fjórða ár leið, eftir að hið stefnda félag tilkynnti áfrýjanda, að það hafnaði kröfu hennar og hvarf þar með frá fyrri afstöðu sinni, þar til áfrýjandi hreyfði því með málshöfðun þessari, að hún teldi félagið bundið við upphaflega afstöðu sína, verður að fallast á, að félaginu hafi verið heimilt að afturkalla á þennan hátt þá viðurkenningu á greiðsluskyldu, sem fólst í umræddum gerðum þess í desember 1989. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu félagsins.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað eru staðfest. Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður, en um gjafsóknarkostnað áfrýjanda fer samkvæmt því, sem í dómsorði segir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Barböru Þ. Kjartansdóttur, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hennar, 250.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. júní 1995.

Ár 1995, fimmtudaginn 15. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-3276/1994: Barbara Þ. Kjartansdóttir gegn Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Magnúsi Ö. Jóhannssyni og Arnari Hauki Ævarssyni, sem dómtekið var 18. maí sl.

Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 28. mars 1994, 12. og 16. apríl 1994.

Stefnandi er Barbara Þ. Kjartansdóttir, kt. 290770-4839, Möðrufelli 15, Reykjavík.

Stefnt er Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík, Arnari H. Ævarssyni, kt. 140964-3609, Hvammabraut 16, Hafnarfirði, og Magnúsi Ö. Jóhannssyni, kt. 050468-5429, Seljalandsvogi 84A, Ísafirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða henni skaðabætur, að fjárhæð 17.235.000 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum].

Þess er krafist, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað [...].

Dómkröfur stefndu Sjóvár-Almennra trygginga hf. og Magnúsar Ö. Jóhannssonar eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar, vextir aðeins dæmdir frá 19. apríl 1990 og málskostnaður látinn falla niður.

Kröfur stefnda Arnars Hauks Ævarssonar eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar, vextir aðeins dæmdir frá stefnubirtingardegi og málskostnaður látinn falla niður.

Málsatvik.

Föstudaginn 5. desember 1986 kl. 14.18 var lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt um umferðarslys á Reykjanesbraut skammt norðan við Álveríð í Straumsvík. Hafði orðið þar árekstur með bifreiðunum Í-1637, sem stefndi Arnar H. Ævarsson ók, og Ö-7015, sem ekið var til norðurs.

Með dómi sakadóms Hafnarfjarðar 28. desember 1988 var stefndi Arnar H. Ævarsson fundinn sekur um að hafa ekið bifreiðinni Í-1637 undir áhrifum áfengis og of hratt miðað við aðstæður, en mjög hált var á veginum, og svo óvarlega, að bifreiðin snerist á veginum og rann í veg fyrir bifreiðina Ö-7015.

Við áreksturinn hlutu farþegi og ökumaður bifreiðarinnar Ö-7015 mikla áverka.

Stefnandi var farþegi í bifreiðinni Í-1637 og hlaut mikil meiðsl við slysið.

Þá var Karen Eva Vestfjörð farþegi í bifreiðinni. Hlaut hún alvarlega áverka, og samkvæmt örorkumati læknis er hún alger hjúkrunarsjúklingur og talið, að hún skilji lítið af því, sem fram fer í kringum hana.

Hvorki stefnandi né Karen Eva gáfu skýrslu fyrir sakadómi Hafnarfjarðar, „þar sem þær gera sér enga grein fyrir því, hvað skeði, og hafa hlotið verulega andlega skerðingu af völdum slyssins“, eins og segir í fyrrnefndum dómi sakadóms Hafnarfjarðar frá 28. desember 1988.

Stefndi Arnar H. Ævarsson var undir áfengisáhrifum við aksturinn, og mældist magn áfengis í blóði hans 2,23‰.

Þá fannst axlafull flaska af Smirnoffvodka í bifreiðinni Í-1637 á slysstað og við bifreiðina tvær Coca-Cola-flöskur með vínblöndu í.

Stefndi Arnar H. Ævarsson var yfirheyrður um málsatvik í sakadómi Hafnarfjarðar, er mál ákærvaldsins á hendur honum var þar til meðferðar.

Í skýrslu hans, sem er samhljóða skýrslu þeirri, er hann gaf hér fyrir dómi, kom fram, að hann hefði komið á skemmtistaðinn Uppi og niðri hér í borg fimmtudagskvöldið 4. desember 1986 og hitt þar stefnanda, Barböru, og Karenu Evu. Hefði hann setið þar við drykkju ásamt stúlkunum. Hann kvað þær hafa vitað, að hann var að drekka áfengi. Á veitingastaðnum hefðu þau hitt kunningja stefnda, sem bauð þeim í gleðskap heim til sín, en hann bjó í Hafnarfirði. Fóru þau þangað, eftir að skemmtistaðnum var lokað kl. 01.00. Hefði hann verið í samkvæmi þessu til 03.00 eða 04.00 um morguninn, en farið þá og sótt bifreið sína, Í-1637, og ekið henni til þess staðar, sem samkvæmið var. Næst mundi hann eftir sér, er hann vaknaði í bifreiðinni uppi í Hvalfirði um kl. 08.00 til 09.00 að morgni 5. desember, og voru stúlkurnar í bifreiðinni og Karen Eva undir stýri. Í bifreiðinni hafi verið hálf brennivínsflaska, og hafi hann og stefnandi blandað sér tvær áfengisblöndur úr flöskunni, áður en lagt var af stað í bæinn. Karen hafi ekið, en bifreiðin orðið bensínlaus, en stefndi útvegað bensín og ekið síðan sjálfur og heim til Karenar í Hafnarfjörð með viðkomu í söluskála í Mosfellsbæ. Heima hjá Karenu hafi hann og stefnandi lokið úr brennivínsflöskunni og drukkið úr pela, sem Karen átti. Stúlkurnar hafi síðan fengið sér að borða og stefndi og þær síðan farið í leigubifreið á billjarðstofuna Snóker við Dalshraun í Hafnarfirði og stefndi keypt þar Smirnoffvodka-flösku af Erlingi Birgi Kjartanssyni, en áður hafði hann komið við hjá Karólínu Jósefs-dóttur til að fá þar lánaða peninga. Hann hafi reynt að fá einhvern til að aka fyrir sig, en ekki fengið neinn til þess. Síðan hafi verið farið til Karenar að nýju, en á leiðinni hefði leigubílstjórinn sagt sér, að hann væri að fara til Keflavíkur að sækja kunningja stefnda, sem voru að koma frá útlöndum. Stefndi Arnar kveðst hafa ekið frá Karenu og förinni verið heitið til Keflavíkur til þess að hitta fyrrnefnda kunningja. Hefði hann komið við í Kastalanum við Hverfisgötu, lagt öfugum megin við akstursstefnu og þar verið keypt bland. Síðan hefði hann ekið að bensínstöð við Lækjargötu og loks eftir Reykjanesbraut, þar sem slysið varð.

Vitnið Karólína Jósefs-dóttir bar við meðferð sakamálsins á hendur stefnda Arnari H. Ævarssyni, að hann hefði komið til sín að morgni umrædds dags og borið þess greinileg merki, að hann væri ölvaður.

Vitnið Erlingur Birgir Kjartansson sagði í skýrslu sinni hér fyrir dómi, að hann hefði hitt stefnda Arnar fyrir utan Snóker u. þ. b. tveim tímum fyrir slysið og látið hann fá áfengi. Hafi stefnandi og Karen verið með honum.

Vitnin Steingrímur Magnússon lögreglumaður og Sumarliði Guðbjartsson, sem var lögreglumaður, er atburðir þessir urðu, óku í lögreglubifreið um Hverfisgötu og fram hjá bifreið stefnda Arnars, þar sem hún stóð við

Kastalann á röngum vegarhelmingi, og sögðu í skýrslum sínum hér fyrir dómi, að stefndi hefði verið undir stýri og stúlka setið við hlið hans.

Lagt hefur verið fram vottorð Bjarna Hannessonar lækni frá 18. mars 1987 um áverka á stefnanda, og segir þar m. a.:

„Áverkar sjúklings voru því: 1) útbreitt heilamar með blæðingum inn í heilahólf og við brottför er sjúkl. skertur andlega með vi. hemiparesu og flogaveik, 2) skurðir og ytri áverkar á höfði, hálsi, rifjabarði og læri hæ. megin. Sjúkl. hefur því hlotið mjög alvarlegan heilaáverka, en á þessu stigi er ekki hægt að fullyrða um batahorfur sjúklings.“

Þá hefur verið lagt fram mat dr. Atla Þórs Ólasonar frá 10. júlí 1990 á örorku stefnanda, og segir þar m. a.:

„Samantekt og álit:

Hinn 5. 12. 1986 var Barbara Kjartansdóttir farþegi í bifreið, sem lenti í hörðum árekstri. Barbara hlaut við áreksturinn mjög alvarlegan höfuð-áverka, þar sem blæddi inn í heila og milli heilahimna og leiddi til varanlegra heilaskemmda. Hún hlaut vegna höfuðáverkans vöðvastífni í alla vöðva líkamans, vinstri helftarlömun, flogaveiki og þarfnast reglulegra krampalyfja, óstjórn á þvagi og hægðum.

Sálfræðipróf leiddu í ljós minnkun á greind og starfshæfni og breytingu á persónuleika, sem rekja mátti beinlínis til slyssins. Þá hefur persónuleiki hennar breyst verulega, þannig að minni hennar er verulega skert og skapgerð viðkvæm. Hún fær reiðiköst og þunglyndistilhneigingu. Einnig þjáist hún af svimaköstum. Hún hefur misst fyrri félaga sína og umgengst nú fremur undirmálsfólk. Hún hefur verið alveg óvinnufær frá slysinu. Hún var til endurhæfingar á árinu 1987.

Af ofangreindu er ljóst, að Barbara hefur hlotið verulega og útbreidda heilaskemmd, sem kemur fram líkamlega í lömun á vinstra líkamshelmingi, krampatilhneigingu og óstjórn á þvagi og hægðum og andlega í formi greindarskerðingar, breytts persónuleika, þunglyndistilhneingingar. Allt þetta hefur leitt til algerrar óstarfshæfni slösuðu, þannig að hún er í dag alger öryrki. Ekki má gera ráð fyrir, að hún geti unnið sér með einu eða öðru í framtíðinni. Hún þarf stöðugt manneskju með sér til að hafa eftirlit með henni, og hún mun ekki geta lifað ein.

Varanleg örorka vegna heilaskemmda er 100%.

Niðurstaða:

Við umferðarslysið 5. 2. 1986 hlaut Barbara Þ. Kjartansdóttir eftirfarandi starfsorkuskerðingu:

Varanleg örorka, 100%.“

Lagður hefur verið fram útreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar trygg-

ingafraðings, dagsettur 12. apríl sl., þar sem hann reiknar höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda 19.739.700 krónur á slysdegi, verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 1.184.400 krónur og höfuðstólsverðmæti örorkulífeyris og tekjutryggingar 7.011.200 krónur.

Við mat á höfuðstólsverðmæti eru notaðir einfaldir vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands til útreikningsdags 12. apríl 1995, en frá þeim degi eru notaðir 4,5% vextir og vaxtavextir.

Málsástæður og réttarheimildir, sem stefnandi ber fyrir sig.

Stefndi Arnar var eigandi bifreiðarinnar Í-1637 og því ábyrgur fyrir tjóni stefnanda. Ráði það að öllum líkindum framburði hans. Með því að bera því við, að stefnandi hafi vitað um ölvunarástand hans, sé hann að firra sig ábyrgð á tjóni hennar.

Stefndi Arnar keypti bifreiðina Í-1637 af stefnda Magnúsi. Aðilar hafi ekki hirt um að skrá bifreiðina á nafn Arnars, og hafi stefndi Magnús því verið skráður eigandi hennar á slysdegi.

Afleiðingar slyssins fyrir stefnanda séu þær, að hún er metin 100% varanlegur öryrki af dr. med. Atla Þór Ólasyni skv. örorkumati, dags. 10. júlí 1990. Áætlað tekjutap stefnanda vegna skaðans sé metið 14.084.300 kr. í örorkutjónsútreikningi Jóns E. Þorlákssonar, dags. 10. september 1990, en í mati hans frá 12. apríl sl. sé tjón hennar metið meira, en af hálfu stefnanda var ekki krafist hækkunar dómkröfu vegna þessa.

Hið stefnda tryggingafélag greiddi stefnanda 150.000 kr. „upp í væntanlegar skaðabætur“ 20. desember 1989. Var það ári eftir, að kveðinn var upp dómur yfir stefnda Arnari í sakadómi Hafnarfjarðar. Með því hafi tryggingafélagið samþykkt bótaskyldu. Hafi það því komið stefnanda gjörsamlega í opna skjöldu, þegar ganga átti frá uppgjöri bóta síðari hluta árs 1990, að það skyldi skyndilega bera því við, að slysið væri ekki bótaskyldt. Með greiðslunni í desember 1989 hafi hið stefnda félag með skuldbindandi hætti verið búið að viðurkenna bótaskyldu og geti ekki borið því við síðar, sbr. reglur um loforð, að slysið sé ekki bótaskyldt.

Ljóst sé, að niðurstaðan í máli þessu ráðist af sönnun. Stefndu verði að sanna, að stefnandi hafi vitað, að stefndi Arnar hafi ekið bifreiðinni, og enn fremur, að hún hafi vitað um ölvun hans. Stefndu beri sönnunarbyrðina um þetta. Stefndi Arnar hafi aðilastöðu fyrir dómi, og skýrsla hans hafi aðeins sönnunargildi um þau atvik, sem honum eru óhagstæð, sbr. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi mótmælir því að hafa vitað um ölvun Arnars eða að hann hafi ekið bifreiðinni. Þegar farið var af stað í hina afdrifaríku ferð til Keflavíkur

hafi Karen Eva ekið bifreiðinni. Hafi orðið öðrumannsskipti, sem stefnandi telur raunar ósannað, hafi þau orðið, eftir að hún sofnaði í aftursæti bifreiðarinnar.

Kröfugerð.

1. Bætur vegna varanlegrar örorku	kr.	13.287.700
2. Bætur vegna tapaðra lífeyrisréttinda	–	797.300
3. Miskabætur	–	3.300.000
4. Áður greitt inn á bætur	(kr.	150.000)
Samtals		kr. 17.235.000

Slys stefnanda varð í gildistíð umferðarlaga nr. 40/1968.

Kröfur stefnanda á hendur hinu stefnda váttryggingafélagi eru reistar á 2. mgr. 74. gr., sbr. 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Þá er byggt á því, að hið stefnda váttryggingafélag hafi með skuldbindandi hætti samþykkt að bæta tjón stefnanda.

Arnari H. Ævarssyni er stefnt sem skráningarskyldum eiganda bifreiðarinnar Í-1637 og Magnúsi Ö. Jóhannssyni sem skráðum eiganda hennar, og grundvallast kröfur stefnanda á hendur þeim á 1. mgr. 69. gr., sbr. 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Enn fremur er vitnað til almennu skaðabótareglunnar gagnvart stefnda Arnari, sbr. 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Um óskipta ábyrgð er vísað til almennra reglna skaðabótaréttar.

Um fjárhæðir er stuðst við dómvenju og almennar reglur skaðabótaréttar um bætur vegna líkamstjóns.

Krafa stefnanda um bætur fyrir þjáningar og miska er studd almennum reglum skaðabótaréttar, sbr. og 264. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Krafan um vexti er reist á dómvenju um vexti af kröfum um bætur vegna líkamstjóns, vaxtalögum nr. 25/1987 og auglýsingum Seðlabanka Íslands hverju sinni.

Krafan um málskostnað er byggð á XXI. kafla laga nr. 91/1991.

Krafan um virðisaukaskatt á málskostnað er reist á l. nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattsskyldur aðili.

Málsástæður og réttarheimildir, sem stefndu bera fyrir sig.

Af hálfu stefndu Sjóvár-Almennra trygginga hf. og Magnúsar Ö. Jóhannssonar er sýknukrafa á því reist, að stefnanda hafi mátt vera kunnugt um, að stefndi Arnar var undir áfengisáhrifum, en hún hafi tekið þátt í drykkjunni með stefnda Arnari og Karenu Evu. Telja þessir stefndu, að með því að stefnandi hafi vitað um ölvun stefnda Arnars, hafi hún fyrirgert

rétti sínum til skaðabóta með þeirri áhættu, sem hún tók, sbr. og 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem eigi við hér.

Pá er því mótmælt, að með greiðslu sinni á 150.000 krónum til stefnanda hafi stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. viðurkennt bótaskyldu, og ber stefndi það fyrir sig, að greiðslan hafi verið innt af hendi af misgáningi starfsmanns félagsins.

Sýknukrafa stefnda Arnars H. Ævarssonar er á því reist, að stefnandi hafi vitað eða mátt vita, að stefndi hafi verið undir áfengisáhrifum, er slysið varð. Hafi stefnandi fyrirgert rétti sínum til skaðabóta, því að hún hafi sjálf tekið mikla áhættu og sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að setjast upp í bifreið hjá ölvuðum öikumanni. Er vísað til sömu lagaákvæða og af hálfu stefndu Sjóvár-Almennra og Magnúsar.

Pá er því borið við, að bótakrafan sé fyrnd, sbr. 78. gr. laga nr. 40/1968.

Niðurstæða.

Framburður stefnda Arnars H. Ævarssonar um málsatvik hefur verið stöðugur, allt frá því að hann gaf skýrslu sína hjá lögreglu eftir slysið 12. desember 1986, en hann kom tvisvar fyrir dóm við meðferð sakamálsins á hendur honum árið 1988 og enn fremur við meðferð málsins hér fyrir dómi.

Pá þykja skýrslur vitnanna Erlings Birgis Kjartanssonar, Sumarliða Guðbjartssonar og Steingríms Magnússonar styðja framburð stefnda Arnars um, að hann hafi ekið bifreiðinni frá heimili Karenar föstudaginn 5. desember 1986 og stefnda verið með honum umræddan morgun og vitað um ölvun hans. Pá bar vitnið Karólína Jósefsdóttir fyrir sakadómi Hafnarfjarðar, að stefndi hefði borið þess greinileg merki, að hann var ölvuður, og enn fremur kom fram hjá vitninu Matthíasi Guðmundssyni fyrir sama dómi, að stefndi hefði verið í billjarðstofu hans ásamt stefnanda og Karenu og þau öll verið ölvuð.

Annarra frásagna um atvik nýtur ekki við í máli þessu, og fullyrðingar í aðra átt í stefnu eru ósannaðar. Þykir því fram komið í málinu, að stefnandi hafi nóttina áður og að morgni slysdags, 5. desember 1986, verið að drykkju ásamt stefnda Arnari H. Ævarssyni og Karen Eva Vestfjörð verið með þeim. Átti henni að vera ljóst, að henni var hætta búin af því að setjast upp í bifreið stefnda, eins og hann var á sig kominn, og verður því að fallast á það með stefndu, að með því hafi hún tekið áhættu og sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, og leiði almennar reglur skaðabótaréttar og 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem í gildi voru á slysdegi, til þess, að með því hafi hún fyrirgert bótarétti, sem hún ella kynni að hafa átt.

Hið stefnda tryggingafélag greiddi 150.000 krónur 20. desember 1989 þáverandi lögmanni stefnanda í framhaldi kröfubréfs, dagsetts 14. desember

1989, og segir í afriti af kvittun, að greitt sé „upp í væntanlegar skaðabætur og útlagðan kostnað“. Ber stefnandi fyrir sig, að með greiðslu þessari hafi tryggingafélagið viðurkennt bótaskyldu sína.

Svo sem að framan greinir, þykir stefnandi hafa firrt sig rétti til bóta með því að taka þá áhættu, sem fólst í því að setjast upp í bifreið hjá drukknum ökumanni. Þykir það, að nefnd greiðsla var innt af hendi til lögmanns hennar, ekki geta valdið því, að sjálfstæður bótaréttur á hendur hinu stefnda félagi stofnist við það, né heldur, að líta beri svo á, að greiðslan feli í sér slíkt tómlæti um þá vörn, sem höfð er uppi gagnvart kröfu stefnanda og fjallað hefur verið um hér að framan, að dómurinn taki ekki á henni.

Kemur þá til álita, hvort stefndi hafi með greiðslunni skuldbundið sig til að bæta stefndu tjón hennar vegna slyssins, þ. e., að á það megi líta sem lof-orð af hálfu stefnda Sjóvá-Almennra trygginga hf. að bæta stefnanda fjár-tjón hennar og miska, enda þótt hún bæri ábyrgð á tjóni sínu sjálf vegna gá-leysis. Telja verður, að til þess að svo verði talið, þurfi skýrari yfirlýsingu um, að félagið undirgangist slíka skuldbindingu gagnvart stefnanda en þá athöfn að greiða henni nefnda fjárhæð.

Samkvæmt framansögðu verða stefndu sýknaðir af öllum kröfum stefn-anda.

Samkvæmt 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem í gildi voru á slysdegi, ber skráður eða skráningarskyldur eigandi ökutækis fébótaábyrgð skv. 67. gr. laganna. Stefndi Arnar H. Ævarsson hafði keypt bifreiðina Í-1637 af stefnda Magnúsi Ö. Jóhannssyni, en eigendaskipti höfðu ekki verið skráð. Stefnandi heldur því fram, að ábyrgð stefndu Arnars og Magnúsar sé sam-eiginleg, og beinir því kröfum sínum að þeim báðum í máli þessu. Hvorug-ur þessara stefndu hefur uppi sýknukröfu, reista á aðildarskorti, og með því að niðurstaða um eigin sök stefnanda leiðir til þess, að grundvöllur krafna hennar er brostinn, þykir ekki þörf á því hér að skera úr um aðildina, eins og sakarefnið horfir við dóminum.

Rétt þykir, að málskostnaður á milli aðila falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda, Barböru Þ. Kjartansdóttur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Helga Þ. Birgissonar hdl., 550.000 krónur, en við ákvörðun þeirrar fjárhæðar er virðisaukaskatt-ur á þóknunina reiknaður með.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Arnar H. Ævarsson og Magnús Ö. Jóhannsson, skulu sýknir af öllum kröfum stefnanda, Bar-böru Þ. Kjartansdóttur.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, Barböru Þ. Kjartansdóttur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Helga Þ. Birgissonar hdl., ásamt virðisaukaskatti, samtals 550.000 krónur.
